

## Óháð staðfesting til Matorku ehf. vegna græns bókhalds

### Til stjórnar og hluthafa í Matorku ehf.

Við höfum kannað skýrslu Matorku ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2023. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Matorku ehf. um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins eða önnur viðeigandi gögn.

### Ábyrgð stjórnenda

Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

### Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fái um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni séu í meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- Hvort tölur sem gefnar eru upp séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins eða önnur viðeigandi gögn
- Hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við frumgögn
- Hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit:

Það er álit okkar að skýrsla Matorku ehf. um grænt bókhald sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Kópavogur, 10. maí 2024

Deloitte ehf.

 **Deloitte ehf.**  
Kt. 521098-2449

Guðmundur Ingólfsson, endurskoðandi